

REGLUR

um samstarf eftirlitsstjórnvalda um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um samstarf Fjármálaeftirlitsins við önnur eftirlitsstjórnvöld um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Samstarf um eftirlit og upplýsingaskipti.

Um upplýsingaskipti Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsstjórnvalda vegna samstarfs um eftirlit skv. 109. gr. v laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerðum (ESB) nr. 524/2014 og 620/2014, sbr. 3. gr.

Um starfsemi samstarfshópa eftirlitsstjórnvalda skv. 36. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerðum (ESB) 2016/98 og 2016/99, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum láta hvert öðru í té, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 94-102.
2. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 620/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdastaðla að því er varðar upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í heima- og gístiaðildarríkjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98 frá 16. október 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina almenn skilyrði fyrir starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðuninni.
4. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/99 frá 16. október 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla til að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 620/2014, 2016/98 og 2016/99 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R0620>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 172, þann 12. júní 2014, bls. 1-25,

2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0098>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 21, þann 28. janúar 2016, bls. 2-20,
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0099>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 21, þann 28. janúar 2016, bls. 21-44.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 6. og 7. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 1. júlí 2022.

Seðlabanka Íslands, 29. júní 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2022